

## Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 7. maí 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Guðmundur Björnsson starfandi sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldardóttir og Þórir Jónsson. Einnig sátu fundinn endurskoðendur sveitarfélagsins þeir Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson frá KPMG sem sátu fund undir fyrsta lið dagskrár.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund

Oddviti óskaði hann eftir því að fundargerð Fræðslu – og menningarnefndar 21.04 verði bætt inn á áður útsenda dagskrá fundarins Samþykkt samhljóða.

### DAGSKRÁ:

#### 1. Ársreikningur Langanesbyggðar - Fyrri umræða

Endurskoðendur gerðu grein fyrir Ársreikningi 2009 og fóru yfir skýrslu endurskoðenda og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Ársreikningi vísað til síðari umræðu og sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu. Seinni umræða ákveðin miðvikudaginn 20. maí 2009 kl. 17:00. – samþykkt samhljóða

#### 2. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 22.04.2009(Lögð fram)
- Húsnæðisnefnd 28.04 (Til samþykktar)  
Samþ.samhljóða.
- Landbúnaðarnefnd 8.apríl (Til samþykktar)  
Hreppsnefnd samþykkir að kosta efni samkvæmt fyrri áfanga girðingar Saurbæjartanga að Bakká enda liggja fyrir samþykki vegagerðar á greiðslu fyrir framkvæmdinni sem og aðkomu bænda að verkefninu.-Fundargerð samþykkt samhljóða
- Fræðslu – og menningarnefnd 21.04(Til samþykktar)  
Fundargerð samþ.samhljóða

#### 3. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Sauðanesnefnd 29.apríl

#### 4. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri lagði fram hugmyndir að malbikunar – og eða klæðningar framkvæmdum ásamt tilboðum sem fyrir liggja í verkið.

Sveitarstjóra falið að óska eftir lokatilboðum í verkið enda rúmist það innan lánveitingar frá Lánasjóði sveitarfélaga sem tekið var á síðasta ári til verksins.

#### 5. Innsend erindi.

##### Til kynningar:

- Unglingalandsmót UMFÍ
- Stúdentaráð Háskóla Íslands
- Bændasamtök Íslands – fjallskil  
Erindinu vísað til Landbúnaðarnefndar
- Orkustofnun –vatnsverndarsvæði

##### Til afgreiðslu:

- Aflið – samtök gegn heimilis – og kynferðisofbeldis á Norðurlandi (styrkbeiðni)  
Hreppsnefnd samþykkir að hafna erindinu í þetta sinn og óskar Afliðu velfarnaðar í framtíðinni. Samþ. Með 5 atkv. Einn á móti.
- HSP – Rekstrarstyrkur
- Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að gera samning við HSP og greiða rekstrarfé til félagsins sem nemur allri að 400 krónum per íbúa Langanesbyggðar vestan Brekknaheiðar(samtals 162.000 krónur) 2008-2010. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi þar að lútandi.
- HSP – Akstursjóður (Styrkur)  
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að greiða í aksturssjóð HSP 2009-seinni hluta tilraunaverkefnis, 400 krónur per íbúa Langanesbyggðar vestan Brekknaheiðar(162.000 krónur) , með vísan í bókun hreppsnefndar 25.janúar 2008 .
- Samráðsfundur sveitarfélaga um efnahagsvandann 13.05.2009

Hreppsnefnd leggur til að sveitarstjóri og oddviti sækja fundinn og varaoddviti til vara- samþykkt samhljóða

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fléira ekki gert og fundi slitið kl. 21:09

*[Handwritten signatures and names:]*  
Björn Guðmundur Björnsson  
Siggeir Stefánsson  
Hulda Sigurðardóttir  
Hilma Steinarsdóttir  
Nanna Steina Höskuldardóttir  
Jóhanna Helgadóttir  
Þórir Jónsson  
Magnús Jónsson

*[Handwritten signature]*